



Flugslysaæfing Bíldudalsflugvöllur 29. apríl. 2023 Lokaskýrsla



Isavia
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Inngangur og markmið	2
1.1	Markmið	2
2	Undirbúningur og framkvæmd	4
2.1	Dagskrá Bíldudalur 2023.....	4
2.2	Æfingastjórn	7
2.3	Ráðgjafar	7
2.4	Þátttaka	8
2.5	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	8
2.6	Veður	9
2.7	Vettvangur	9
3	Rýni	10
3.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur	10
3.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	12
3.3	Rafræn rýni – allir þátttakendur	17
3.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	18
3.3.2	Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar?.....	18
3.3.3	Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinna?	19
3.3.4	Hvað gekk vel á æfingunni?.....	19
3.3.5	Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?.....	19
3.3.6	Annað sem þú villt koma á framfæri?	21

1 Inngangur og markmið

Það eru ákveðin forréttindi að koma á Sunnanverða Vestfirði með flugslysaæfingar, áhugi og samvinna viðbragðsaðila er mjög góð, á svæðinu vita menn að þeir þurfa að vinna saman í hópslysum og það getur verið langt í næstu bjargir. Það var því mikill áhugi á allri fræðslu og búnaður viðbragðsaðila er góður.

Æfingin fór vel fram. Ákveðið var að prófa að nota hópslysatjaldið sem Björgunarsveitin Blakkur á til að stækka SSS, það reyndist ekki nógu vel og lítið var um að vera í tjaldinu og hugsanlega fóru einhverjir fram hjá talningu vegna þessa. Tilraunin var þó mikilvæg og góð en þessar æfingar eru tækifæri til að prófa sig áfram með skipulag svo við vitum hvað virkar og hvað ekki þegar á reynir.

Töluverð farþega aukning er um Bíldudalsflugvöll vegna stórra fyrirtækja sem hafa komið sér fyrir á svæðinu og gaman að sjá hvað slíkt gerir fyrir flugvöllinn og samfélagið. Það er samhliða auknu mikilvægi vallarins mikilvægt að slökkvibífið sem staðsett er á flugvellinum verði endurnýjuð, á æfingunni fór bíllinn ekki í gang við útkall og á slyssað fór dæla ekki í gang strax, hver einasta sekúnda skiptir máli í slökkvi og björgunarstörfum þegar kemur til flugslyss og það er tækið og mannskapurinn sem er á flugvellinum sem bjargar því sem bjargað verður komi upp eldur. Það er því gríðarlega mikilvægt að slökkvi og björgunarbúnaður á flugvellinum sé í lagi þegar á reynir og því miður eru margir slökkvibílar á minni flugvöllum orðnir úr sér gengnir og gamlir.

Þó svo að æfingin hafi gengið vel og viðbragðsaðilar staðið sig með sóma þá einkenndist æfingin af því að Tetra samband var lélegt á flugvellinum. Þetta kemur nokkuð á óvart því sambandið hafði verið lagað eftir að hafa akkúrat verið lélegt fyrst eftir að Tetra kerfið var sett upp á svæðinu. Við höfum því ekki séð á undanförunum æfingum rýnipunkta líkt og nú þar sem fjarskiptin eru ekki í lagi. Bæði er Tetra sambandið mikilvægt í samskiptum viðbragðsaðila og stjórnunar eininga sérstaklega þar sem hluti mikilvægs stjórnskipulags og ákvörðunar er í AST á Ísafirði og sambandslaus Vettvangsstjórn er ekki gott upphaf á úrlausn mála komi til hópslyss. Að sama skapi stólar starfsmaður flugvallarins á Tetra komi til boðunar flugslysaáætlunar, sambandið í flugturninum er ekki gott og þarf talstöðin að vera á ákveðnum stað til að ná sambandi, ef starfsmaðurinn virkjar, hleypur út til björgunar og slökkvistarfa nær hann í framhaldinu ekki sambandi til að uppfæra aðila á leið á vettvang um stöðu mála. Gríðarlega mikilvægt er að Tetra samband verði aftur bætt á flugvellinum til að tryggja öryggi.

Hér hef ég tæpt á nokkrum mikilvægum lærdómsþáttum þessarar æfingar, sem er svo mikilvægt og eitt af markmiðum með þessum æfingum.

Allir sem að komu eiga hrós skilið og þakklæti fyrir að gefa sér tíma til að taka þátt og með því auka öryggi í sínu samfélagi.

Ráðgjafar og æfingastjórn þakka fyrir gestrisnina og fróðlegar og ánægjulegar stundir í kringum æfinguna.

Fyrir hönd æfingastjórnar og ráðgjafa

Júní 2023, Friðfinnur Fr. Guðmundsson.

1.1 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar á flugvöllum og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi. Æfingarnar eru því á vegum Isavia og almannavarna.

Aðalmarkmið æfinganna eru tvenn.

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast hópslysaáætlunum.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.



2 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur flugslysaæfinga hefst ca 5-6 mánuðum fyrir æfingu, fundað er með heimamönnum um þarfir þeirra og svo þarf að finna dagsetningu sem getur stundum verið snúið. Það er svo ca mánuði fyrir æfinguna að hlutirnir gerast hratt, sett er upp Teams síða með fulltrúum allra eininga, áætlun flugvallarins er endurskoðuð og dagskráin kláruð. Viðbragðsaðilar á S. Vestfjörðum eru og hafa verið afar öflugir og mikill áhug fyrir æfingunum og allri fræðslu. Fræðsla var því með mesta móti í aðdraganda æfingarinnar og vel mætt.

2.1 Dagskrá Bíldudalur 2023

31.-1. apríl.

Fræðsla fyrir vettvangsstjórn (VST) AVD/FMR


Fyrir þá sem starfa í vettvangsstjórn

- Verkaskipting SÁBF með áherslu á vettvangsstjórnun.
- Verkbáttastjórar og boðleiðir þeirra samkvæmt fjarskiptaáætlun.

Þriðjudagurinn 11. Apríl

20:00-21:00 RNSA fyrir slökkvilið og lögreglu - Uptaka - Slökkvilið/lögregla

- Aðilar ákveða hvort þeir komi saman.



Mánudagurinn 17. Apríl

18:00-19:45 Aðgerðagrunnur – Húsnæði Bjsv Blakks. - fyrir alla viðbragðsaðila SL

- Farið yfir helstu atriði í aðgerðargrunni

Þriðjudagur 25. apríl

Fjarfundur allir saman í Skjaldborgarbíó. Hlekkur <http://bit.ly/40D9Tqt>

19:00-19:45 Bráðaflokkun - Fjarfræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila LSH

- Fræðsla fyrir alla sem koma að bráðaflokkun og umönnun slasaðra.

19:45-20:15 Sálrænn stuðningur - Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðseiningar. Rauði kross Íslands

- Kynning og helstu áherslur í sálrænum stuðning.

20:15-20:45 Umgengni við þyrlur – Fjarfræðsla fyrir allar viðbragðseiningar. LHG

20:45-21:30 Fjarskipti - Fjarfræðsla - fyrir alla viðbragðsaðila Neyðarlínan

- Almennt um fjarskipti, fjarskiptaáætlun og fjarskiptabúnað (tækin)

Fimmtudagur 27. apríl

10:00 Boðunarprófun – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á flugvöllinum. 112

Ef þú færð ekki boð láttu talsmann þíns viðbragðshóps eða ráðgjafa vita til lagfæringar.

16:00 – 19:00 Bóklegt og verklegt, eldur í loftförum. Slökkvilið. Isavia

Staðsetning: slökkvistöð eða eftir þörfum.

20:00-22:30 Setning æfingar – Staðfundur - Allir þátttakendur

Staðsetning: Félagsheimili Patreksfjarðar Aðalstræti 107

Dagskrá:

- Setning æfingar Lögreglan
- Kynning, tilgangur flugslysaæfinga Isavia
- Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur Almannavarnir o Fjarskiptaskipulag aðgerða
- Almennt um skipulag í hópslysum (SÁBF) Isavia o Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
- SST, AST, VST
- Verkefni RKÍ og SL á flugslysaæfingum Ráðgjafar RKÍ og SL o Hvernig nýtum við bjargir
- Flæði slasaðra, frá slysstað að sjúkrahúsi Landspítali
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna RNSA
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna Isavia

Föstudagur 28. apríl

14:00-17:00 Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra Isavia / AVD

Staðsetning: Félagsheimili Patreksfjarðar Aðalstræti 107

Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn*, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar.

Allir taki með tetrastöðvar og handfrjálstan búnað (einnig áhorfendur).

*Aðgerðastjórn verður staðsett í húsnæði sínu.

20:00-21:00 Kynningarfundur fyrir leikara / þolendur Umsjónaraðili leikara

Félagsheimili Patreksfjarðar Aðalstræti 107

Laugardagur 29. apríl

08:30 Förðun leikara Umsjónaraðili leikara

Félagsheimilið Bíldudal

11:00 Flugslysaæfing hefst – Allir þátttakendur

- Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkbáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.
- Í lok æfingar er boðið uppá hressingu fyrir alla þátttakendur þar sem rýnifundur æfingar fer fram.

14:00 Rýnifundur fyrir þátttakendur æfingar

Staðsetning: Félagsheimilið Bíldudal.

(Athugið er fyrr eða seinna, er í ca. beinu framhaldi þegar æfingu er lokið, tímasetning gefin út í fjarskiptum).

1. Almennt um/stóra myndin Æfingastjóri
2. Samhæfingarstöð Ráðgjafi SST
3. Aðgerðarstjórn Aðgerðarstjóri
4. Vettvangsstjórn Vettvangsstjóri
5. Leit og björgun Björgunarstjóri
6. Söfnunarsvæði slasaðra Aðhlyningarstjóri
7. Lokanir/umferð/talning Gæslustjóri
8. Móttaka og flutningur Flutningastjóri
9. Aðstandendur/fjöldahjálp/SSS Rauði krossinn
10. Umsögn ráðgjafa Ráðgjafar
11. Umræður Orðið laust
12. Næstu skref Isavia
13. Æfingu slitið Lögreglan

19:00 Óformlegur hittingur í félagsheimili á Patreksfjarðar



2.2 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Isavia, fulltrúum almannavarna ríkisins og lögregluþvöldum á svæðinu.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason	Almannavarnir
Æfingastjórn	Halldór Hólm	Almannavarnir
Æfingastjórn		Lögregla - Tengiliður heimamanna

2.3 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Hólmgeir Þorsteinsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Þórir Gunnarsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Magnús Orri Einarsson	Isavia – Slökkvifræðsla
Ráðgjafi	Guðrún Lísbet Níelsdóttir	Almannavarnir
Ráðgjafi	Aðalheiður Jónsdóttir	Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Hermann Karlsson	Lögreglan

Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Jón Sigurðsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Bjarni Kristófer Kristjánsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg

2.4 Þátttaka

Hér er um áætlaða þátttöku að ræða út frá upplýsingum frá einingum, á æfingadegi gæti þetta hafa breyst lítillega. En þátttakan var mjög góð en eins og áður hefur komið fram er mikill áhugi hjá viðbragðsaðilum á svæðinu og samvinna góð.

Þátttaka í flugslysæfingu laugardaginn 29. apríl 2023				
		Fjöldi fólks	Fjöldi farartækja	nánari tala þátttakenda
Stjórnstöð	Samhæfingarstöðin	6		(112, ANS, LHG, Isavia, AVD, SL, RKÍ, LSH, FRM)
Stjórnstöð	Aðgerðastjórn Lögreglustjórans á Vestfjörðum	10		
Stjórnstöð	Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra			
Stjórnstöð	Neyðarlínan			
Vettvangur	Rannsóknanefnd samgönguslysa	0		
Vettvangur	Landhelgisgæslan (þyrta, skip)	5	1	
Vettvangur	Isavia	1	1	
Vettvangur	Flugrekstrar og afgreiðsluaðilar	2		
Vettvangur	Lögreglan á Vestfjörðum	5	2	4 til 5
Vettvangur	Slökkvilið Bíldudals	4	1	
Vettvangur	Slökkvilið Patreksfjarðar	8	2	
Vettvangur	Slökkvilið Tálknafjarðar	4	1	
Vettvangur	Sjúkrabifreið Patreksfjarðar	5	2	
Vettvangur	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Patreksfirði	7	1	
Vettvangur	Svæðisstjórn björgunarsveita sv. 6	3	1	2 til 3
Vettvangur	Björgunarsveitin Blakkur	3	2	
Vettvangur	Björgunarskipið Vörður	0		
Vettvangur	Björgunarsveitin Tálkni	4	0	3 til 5
Vettvangur	Björgunarsveitin Kópur	2	1	1 til 2
Vettvangur	Björgunarsveitin Bræðrabandið	0	0	
Vettvangur	Hjálparveitin Lómfell	0	0	
Vettvangur	Rauði krossinn á Íslandi	3		(háð komu þyrta)
Vettvangur	Landspítali (neyðarsveit)	0		
		alls	56	
	Gestir	4		(112 - 2,
	Leikarar	15		
	Ráðgjafar	19		
		alls	38	
		Alls á vettvangi	94	
		ALLS (m/ SST og AST)		
		Allir	110	

2.5 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Twinn Otter flugvél frá FlyNoMore hlekkist á við landingu eftir bilun á suðurenda brautar 21 um borð. Æfingin hófst á hættustigi og viðbragðsaðilar mættu á MÓT, í kjölfarið varð neyðarstig boðað þegar vélin brotlendir.

2.6 Veður

Fallegt veður, hægur vindur, sól en haustið aðeins farið að gefa svo lofthiti var ekki mikill en það hafði engin áhrif á æfinguna.

2.7 Vettvangur

Vettvangurinn var nokkuð viðamikill allt frá þröskuldi suður fyrir girðingu og út í fjöru. Fyrst voru nokkur bíflök með eldi sem flugvallarþjónustan þurfti að slökkva, svo kom eldfuglinn og þar var klippiverkefni ásamt björgun úr þröngu rými, annar eldur í bíflökum, einnig var björgunarverkefni í grjótgarðinum handan brautar.



3 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



3.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í Félagsheimilinu á Patreksfirði þar sem beið þeirra eðal kjúklingasúpa og brauð. Samhliða var rýnifundur þar sem stjórnendur æfingar og verkþáttastjórar tóku saman stutta samantekt fyrir sína verkþætti.

Æfingarstjóri - Elva

- Þakkaði fyrir æfinguna, sagði frá skipulagi rýni.

SST – Halldór.

- Fjarskipti óstöðug sem hafði áhrif á upplýsingamiðlun í gegnum alla æfinguna.
- Isavia – bíllinn fór ekki í gang við útkall.

Vettvangsstjóri - Jónatan

- Fjarskiptin alls ekki nógu góð við það verður allt erfitt og flóknara. Einingarnar unnu samt mjög vel saman.
- Talningin fór ekki nógu vel. Spurning hvort einhver hafi farið fram hjá tjaldinu. Vantaði lengi einn svartann af vettvangi.

Ráðgjafi vettvangsstjóra, Halldór

- Vel mönnum VST, skráðu inn í aðgerðagrunninn og voru með fjarskiptamann sem skipti máli. Verðum að laga fjarskiptamálin á svæðinu.

Elva

- Spurði hvort reynt hafi verið að gátta á vettvangi. Svarað að skipt hafi verið yfir á DMO, það náðu kannski ekki allir því.

Slysstaður – björgunarstjóri.

- Heyrðu lítið í fjarskiptum
- Verðum að klára bráðaflokkun, það fóru 4 grænir af SLY ó flokkaðir. Réttar tölur koma í veg fyrir soun á mannskap. Björgunarsveitir fóru út fyrir svæði sem var talið öruggur.
- Grétar. – finnst störf á SLY vera heilt yfir góð, voru virkir að afla sér upplýsinga og höfðu góða yfirsýn. Hefðu átt að skoða eldfuglinn betur en ekki farið í hann strax. Eitthvað rugl í talningu en björgunarstjórar mistöldu svarta. Of langur tími með minni slöngur í slökkviverkefni hefðum átt að svera upp.

Aðhlyningastjóri.

- Voru samskiptalaus alla æfinguna, voru með símasamband við AST, fínt flæði hefði mátt vera betur bráðaflokkað. Tjaldið hefðu frekar viljað hafa alla inn á söfnunarsvæðinu, truflaði svolítið.

Ráðgjafi aðhlyningarstjóra Sigrún.

- Leystu vel út krefjandi verkefni. Vegna símasamskipta áttar ráðgjafinn sig ekki á skipulagi á milli AST og aðhlyningarstjóra. Það gerist alltaf að það komi óflokkað fólk á SSS. Annars flott vinna.

Gæslustjóri

- Komið það sem betur hefði mátt fara og talningin.

Ráðgjafi gæslustjóra Guðrún

- Tjaldið flækti aðeins talninguna en vel gert að örðu leiti.

Flutningastjórar

- Fjarskiptin – þeim um að kenna að sjúkrabílar fóru of fljótt á SLY.
- Reyndu að skammta björgum inn á svæðið.
- Fannst ganga heilt yfir vel.
- Töldu inn og út af vettvangi.

Ráðgjafi Flutningastjóra Sveinn

- Ánægður með flutningastjóra, hann var mættur fyrstur og gat því talið alla.
- Það vantaði skráningar á hópum yfir bjargir í bjargargrunn til að hafa betri yfirsýn, hvernig það er svo gert er þæling.
- Töluvert um að verið sé að bakka bæði á SLY og við SSS.

RKÍ

- Áhugavert og lærdómsríkt. Ánægð með aðhlyningarstjóra og HVEST fólkið sem stóð sig vel. Vantaði aðeins betri stjórnun á MÓT, hvernig átti að leggja og tilkynna sig inn. SSS mátt vera

betri verkstjórn fyrst í stað. Mætti vera heilbrigðisstarfmaður á græna svæðinu var leyst með samtalinu. Græna svæði þröngt. Faðir sem var að leita að barni sínu – var verið að leita að því í æfingunni en náðist ekki að klára en hefði verið gaman að ná að spila úr.

Ráðgjafi RKÍ. Álfheiður.

- Mjög ánægð með störf Rauða krossins í æfingunni, gekk vel og góð samvinna.

Orðið laust, ekki allir sem kynntu sig en nöfn við þar sem þau komu fram.

- Samskiptaleysi og tæknimál í fjarskiptum. Umræða um DMO og ekki allir sem kunna þar sem meðal annars kom fram að það sé eins og fjarskiptin hafi versnað á svæðinu frá síðustu æfingu, bæði sími og Tetra. Mög alvarlegt að Tetra samband sé slæmt á flugvellinum og gerir boðun flugvallarþjónusu ótrygga og samskipti viðbragðsaðila erfiðari.
- Meldingar inn á vettvang fóru í vaskinn vegna slæms fjarskiptasambands.
- SSS – talað of hratt í fjarskiptum og skildist ekki alltaf.
- Þórdís Bæjarstjóri Vesturbyggðar. Hrósar þátttakendum, alvarlegt ef fjarskiptamálin séu ekki góð á svæðinu og það verði að laga.
- Davíð – Það eru smáatriði sem upp komu, en allt gekk upp. Stoltur hvernig þetta gekk upp.
- Neyðarlínan – bak við tjöldin oftast en gaman að fá að vera með og sjá hvernig þetta gekk fyrir sig. Hrós fyrir þá sem komu upp gáttinni inn í DMO. Æfa notkun á DMO.
- Burður inn á SSS of margir við hurðina, oftast ráðgjafar og tókum til okkar.
- Voru ekki með samskipt við þyrlu á VHF.
- Páll, þakkar fyrir þátttöku allra, bíllinn á flugvellinum ekki nógu góður vitum af því og þetta með fjarskiptin og verið sé að laga vatnslindina vegna áfyllingar á slökkvitæki.
- Elva – í kjölfarið verðum við að skoða hvort eitthvað er sem þarf að laga í áætluninni og bera þá þær breytingar. Áætlunin verður kláruð eftir um tvær vikur. Mjög góð þátttaka í öllum viðburðum, vel gert. Takk fyrir matinn. Munið rafrænu rýnina.
- Vantar betra net í flugstöð fyrir VST
- Vantar tilfinnanlega myndavél á völlinn svo hægt sé að sjá í VST og AST.

Jónatan slítur æfingunni.

3.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum. Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu og er hún eftirfarandi.

Halldór Hólm Harðarson. Almannaþingarnir

Hvað gekk vel aðdraganda æfingar?

Góð samvinna viðbragðsaðila skín í gegn.

Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingar?

Ekkert.

Hvað gekk vel á æfingunni?

Allir mjög lausnarmiðaðir þrátt fyrir að vandamál kæmu upp.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

Mjög slæmt Tetra samband sem er alls ekki gott og þarf að laga eins fljótt og auðið er.

Er eitthvað annað sem þú villt taka fram að lokum?

Takk fyrir mig.

Ágúst Gunnar Gylfason. Almannavarnir

Hvað gekk vel aðdraganda æfingar?

Tók ekki þátt

Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingar?

Tók ekki þátt

Hvað gekk vel á æfingunni?

Áhöfn SST var fáliðuð en samt sem áður leysti öll verkefni sem upp komu.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

Það voru greinilega vandræði með Tetra fjarskipti á vettvangi þannig að SST gat ekki hlustað á fjarskipti þar.

SST var ekki upplýst um að þyrila LHG væri á vettvangi og tæki þátt í æfingunni. Ef þyrila er á vettvangi þarf SST að fá upplýsingar um hvort AST og VST hafa verkefni fyrir hana eða hvort nýta megi þyriluna í loftbrú með slasaða.

Er eitthvað annað sem þú villt taka fram að lokum?

Hermann Karlsson. Almannavarardeild

Skrifborðsæfing vegna æfingarinnar var haldin föstudaginn 28. apríl kl. 14:00. Tekin voru tvö rennsli um að flugvél hafði brotlent á flugvellingnum við Bíldudal.

Veit ég ekki með hvaða hætti upplýsingum hafði verið miðlað til þeirra sem tilheyra AST á Ísafirði en mæting var með þeim hætt að 1 aðili mætti frá lögreglu, 1 frá Slökkviliði Ísafjarðar, 2 frá svæðisstjórn, 2 frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, 3 frá RKÍ, 1 frá Súðavíkurbrepp og 1 frá Ísafjarðarbæ. Samtals 11 aðilar. Lögreglustjórinn, Helgi Jenson, hafði ætlað að vera með á skrifborðsæfingunni en komst ekki vegna annarra verkefna. Aðgerðastjóri var Ingvar Jakobsson frá lögreglunni.

Húsnæði AST á Ísafirði er nýtilkomið og er þetta fyrsta æfingin sem tekin er í þessu rými. Búið var að raða upp borðum, setja upp tvær töflur og 2 sjónvarpsskjái. Þá er einn skjávarpi. Almennan tölvu- og fjarskiptabúnað kom hver og einn áhafnarmeðlimur með sér Borð höfðu verið sett upp og skráð á hvern viðbragðsaðila fyrir sig en ekki eftir verkþáttum SÁBF og var taflan fyrir BJARGIR og POLENDUR ekki nægjanlega aðgengileg. Á milli rennsla var farið yfir þessi mál aðeins.

Ljóst var fljótt að þar sem að Hlynur Snorrason, yfirlögregluþjónn, var fjarverandi voru ýmis atriði aðeins í lausu lofti og heyrðist nokkrum sinnum þegar spurt var „Hlynur hefur bara séð um þetta“. Áhugi fyrir því að ná samt utan um verkefnið og gera vel var algjör en flestir nefndu að meiri fræðslu þyrfti hvað varðar SÁBF og aðgerðagrunninn.

Æfingadagurinn sjálfur, 29. apríl, hófst kl. 11:00 tilkynnt var um „Hættustig-Bíldudalsflugvöllur“ vegna vélar sem væri með bilun í hreyfli. Mjög skammur tími leið, 3 mínútur, þar til að tilkynning kom um „Neyðarstig-land-Bíldudalsflugvöllur“ vegna flugvélar sem hefði brotlent við brautarenda.

Þá mættir í AST 2 fulltrúar frá lögreglu, 2 frá Slökkviliði Ísafjarðar, 1 frá svæðisstjórn, 1 frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, 3 frá RKÍ og 1 frá Súðavíkurrepp. Samtals 10 aðilar og var Helgi Jensson, lögreglustjóri, aðgerðastjóri í æfingunni.

Breytingar höfðu verið gerðar á skipulagi AST frá skrifborðsæfingunni þar sem hugsað var meira út í það að vera með starfseiningarnar FRAMKVÆMDIR – BJARGIR – ÁÆTLANIR meira saman og gekk það vel.

Fljótt var tilkynnt um notkun á talhópnum AST-4 á milli AST og VST. Þá notaði heilbrigðishlutinn sinn talhóp, Blár 4-5 og RKÍ sinn talhóp Blár 4-6 að einhverju leiti. Talsvert álag var á heilbrigðishlutanum í AST vegna fjölda slasaðra og fór mikið samtal fram á Blár 4-5 um skipulag flutninga á slösuðum og hvert þeir færu.

Á æfingum sem þessum er TALNING ávallt talsverð áskorun og að koma upplýsingum um tölur á rétta staði. Þeir sem höfðu með það að gera í AST voru mjög áhugasamir að ná utan um þann þátt og gerðu það vel en heyra mátti að upplýsingar um tölur frá VST voru stundum óljósar um það hvort að þær væru út bráðaflokkuninni eða við inn / útgang SSS.

Æfingin gekk almennt vel fyrir sig og höfðu áhafnar meðlimir í AST mikinn áhuga á að gera sína hluti vel og ná yfirsýn yfir verkefnið og var aðgerðastjóri á fæti um rýmið og í góðum samskiptum við sitt fólk.

Eins og fram hefur komið þá var það sammerkt hjá öllum að þörf er á meiri fræðslu og þjálfun varðandi störf og verklag í AST. Birtingamyndin var því stundum sú að menn horfðu til sinna eininga en ekki almennt á verkefnið, þ.e. verkþættina.

Fjarskiptamál eru ávallt áskorun og ekki síst þegar um svæði sem þessi er að ræða. Aðeins einn TETRA sendir er á því svæði sem æfingin var haldin á og er það því áskorun fyrir stjórnendur þar að vera með öguð fjarskipti, ekki síst hvað varðar notkun á talhópum. Þó svo að sendirinn sé ekki nema í tæplega 10 km fjarlægð frá flugvællinum í Bíldudal þá reyndust hnökkrar þá því að hann væri skila góðu sambandi. Á síðustu æfingu á svæðinu var þetta ekki vandamál og því er þörf á að skoða þetta sérstaklega.

Þegar æfingin var komin vel á veg var tilkynnt að búið væri að setja upp gáttun á TETRA fjarskiptunum en ég get ekki sagt til um hvort að það hafði einhver áhrif og hverjir færðu sig á „Direct mode“ til að nýta sér gáttunina.

Skipulag um flutning á slösuðum er umfangsmikið verkefni sem margir koma að, allt frá aðhlyningarstjóra og upp alla röðina í SST með tengingum inn í heilbrigðisstofnanir. Talsverð ringulreið var á köflum með fjölda þeirra sem þurfti flutning, rauðum og gulum, og þá einnig hversu öflug flutningstækin væru sem féllu undir skilgreininguna að vera „Loftbrú“.

Mikil búbot er að vera komin með fastann samverustað fyrir AST í verkefnum sem þessu en talsvert á þó eftir að gera. Bæði hvað varðar búnaðarmál sem og uppsetningu rýmisins sem er þá næsta áskorun heimamanna, á það hvað helst við tölvu- og fjarskiptamál. Þessu tengdu þá er líka gott að huga að því með hvaða hætti veggtöflur og skjáir nýtast best.

Talsverðan tíma tók að fá farþegalista sendan til AST og þá þurfti að finna til netföng sem hægt væri að senda í. Gott væri að AST væri með sitt eigið netfang sem nýtt væri í öllum verkefnum og að allir í áhöfn AST hefðu aðgengi að.

Í dag eru ýmsir möguleikar í boði varðandi miðlun gagna s.s. streymismál, þá helst úr búkmyndavélum lögreglu. Slík gögn geta verið ofboðslega hjálpleg fyrir þá sem eru að sinna störfum í AST og SST. Hvet ég þá sem hafa með það að gera að horfa til þess í framtíðinni.

Æfingunni lauk kl. 13:17 og voru þá flestir verkþættir komnir á góðan stað og yfirsýn yfir verkefnið góð í AST.

Álfheiður Svana Kristjánsdóttir. Rauði krossinn

Hvað gekk vel aðdraganda æfingar?

Að mínu mati er kominn góður taktur í fræðsluna. Ég er ánægð með þennan möguleika að geta sett video inn í staðinn fyrir live kynningarnar þar sem reynslan sýnir að það er ekki mikið um spurningar. Hvað varðar mín einingu þá var mjög gaman að gera skyndihjálp og fjöldahjálp hátt undir höfði þessa daga í tengslum við æfinguna og tel ég að hægt sé að útvíkka það verkefni heilmikið ef áhugi er fyrir hendi með öðrum einingum líka.

Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingar?

Hvað gekk vel á æfingunni?

Allir voru vissir á hlutverkum sinna eigin eininga og sinntu þeim.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

Ofmat þeirra sem voru á SSS á sjálfbóðaliðum RKÍ þ.e. frá RKÍ eru sjálfbóðaliðar sem eru með grunnskyndihjálp en sumir heilbrigðisstarfsmenn gáfu verkefni sem kölluðu á meiri færni. Það sýnir að þau þekki ekki nógu vel hlutverk RKÍ. Því er mikilvægt fyrir okkur að hvetja sjálfbóðaliða okkar til að vera skýrir á sínum hlutverkum og getu og segja það skýrt ef umbeðið verkefni er of þungt læknisfræðilega séð. Það vantaði að inni á SSS-grænir væri heilbrigðisstarfsmaður og þannig aðila vantaði einnig í byrjun þegar verið var að setja upp bedda í rýminu fyrir sjúklingana. Þetta voru þó atriði sem leystust og ólíklegt að í raunveruleikanum sé heldur hægt að sinna þeim vegna manneklu á litlum stað.

Er eitthvað annað sem þú villt taka fram að lokum?

Almennt afar ánægð með framtak Isavia að halda svona æfingar. Þetta skiptir sköpum þegar kemur að alvöru aðgerðum hvort sem um er að ræða flugslys, hópslys eða náttúruhamfarir. Þessar æfingar gera það að verkum að starfið eflist. Takk fyrir mig

Garðar Eðvaldsson. Isavia

Hvað gekk vel aðdraganda æfingar?

Góð samvinna

Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingar?

Bílflök, var smá klúður með það en þó gekk upp á endanum enda góð samvinna milli allra sem að æfingunni kom.

Hvað gekk vel á æfingunni?

Æfing heilt yfir var mjög góð og var vel staðið að henni.

Flugvallarstarfsmaður gerði vel við vettvang 1 þrátt fyrir slökkvibíla vesen. Fær hann hrós fyrir

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

Flugvallar slökkvibíll var með vesen. Dæla fór ekki í gang og þegar hún komst í gang var lítill kraftur í henni og þar af leiðandi minna magn af vatni sem hægt var að nota við vettvang 1 og gekk slökkvistarf hægar. Þrátt fyrir vesen með slökkvibíl gerði flugvallarstarfsmaður þó vel og náði að minnka eld í bílflökunum áður en staðarslökkvilið kom á vettvang og tók við.

Er eitthvað annað sem þú villt taka fram að lokum?

Vil þakka fyrir góða gestrisni og góða veðrið sem við fengum.

Ómar Björnsson. Isavia

Hvað gekk vel aðdraganda æfingar?

Allt gekk vel í aðdraganda

Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingar

Allt gekk vel í undirbúningi æfingar

Hvað gekk vel á æfingunni?

Yfirvegun ekkert stress, bjargaði öllu að fá tankbíl þar sem vatnsbólið er ekki stórt.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

Slökkvilið of lengi að reyna við eldinn hjá mér með háprýsti línunni fór að ganga betur þegar þeir tengdu sverari slöngu við tankbílinn. Hefði viljað sjá léttvatn notað.

Er eitthvað annað sem þú villt taka fram að lokum?

Í heildina gekk afar vel, þakka fyrir mig og hlakka til næstu æfingar.

Grétar Karlsson. Isavia

Hvað gekk vel aðdraganda æfingar?

Allt.

Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingar?

Ekkert sérstakt.

Hvað gekk vel á æfingunni?

Björgunarstjórar skiptu liði í upphafi og náðu góðri yfirsýn yfir slysstaðinn. Voru mjög hreyfanlegir og fylgdust mjög vel með framvindu björgunar. Talning gekk vel á slysstað, en misskilningur hjá

vettvangsstjórn varð þess valdandi að tölur pössuðu ekki.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

Eldfuglinn var töluvert vanræktur í upphafi og vantaði að kanna hvað var þar inni. Of mikil áhersla lögð á að slökkva stóru eldana með eldur logaði við eldfuglinn. Björgunarlið fór inn á vettvang áður en hann var öruggur þó svo að björgunarstjóri hafi sagt þeim að bíða.

Er eitthvað annað sem þú villt taka fram að lokum?

Heilt yfir mjög vel gert hjá björgunarstjórum sem hafa ekki gert mikið af svona áður.

Sigrún Guðný Pétursdóttir. Heilbrigðisþjónusta

Hvað gekk vel aðdraganda æfingar?

Að mínu mati var fræðslan vel sótt og gaman að sjá að viðbragðsaðilar t.d. hittust og horfðu saman á fjar fræðsluna á fimmtudeginum.

Hvað hefði betur mátt fara í undirbúningi æfingar?

Ekkert sem kemur upp í huga mér.

Hvað gekk vel á æfingunni?

Flæði sjúklinga á æfingunni var skv. áætlun. Skipulag á SSS var til staðar, aðhlyningarstjóri skipaði í flestar þær stöður sem þurfti að skipa í. Samskipti voru til staðar. Aðhlyning var til fyrirmyndar og gaman að sjá að allir voru til í að æfa sig líka í því að sinna sjúklingunum.

Aðhlyningarstjórinn og aðstoðarmaður og læknir stóðu sig vel, aðhlyningarstjóri var með ágætis yfirsýn svo og aðstoðarmaður.

Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

Mér fannst skipulagið á því þegar sjúklingar voru fluttir út af SSS ekki nógu markvisst. Áverkamatið gekk vel og var öflugur aðili með umsjón yfir því, þegar álagið á SSS varð meira varð erfiðara að halda því úti þar sem mikill þörf var á heilbrigðisstarfsfólki að sinna þeim mest slösuðum. Gott að muna að hafa auka bráðaflokkunarspjöld á SSS af því að það getur komið upp (líkt og gerðist) að sjúklingar komu ekki með spjald á sér.

Hefði viljað sjá aðeins meira samskipti milli aðhlyningarstjóra og aðstoðaraðhlyningarstjóra og læknis. Aðeins stutt stöðumat 1-2 x hefði e.t.v. hjálpað þeim öllum að synca saman hvað væri eftir á vettvangi, hvað væri planið með þá sem eru inni hvar er mest þörf á að heilbrigðisstarfsfólk sé.

Voru öll með fullt fangið af verkefnum.

Er eitthvað annað sem þú villt taka fram að lokum?

Í heildina, vel heppnuð æfing sem að mér fannst passlega á þátttakendum og þau stóðu sig vel.

3.3 Rafræn rýni – allir þátttakendur


Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

3.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Neyðarlínan 112	0
Lögregla	3
Isavia Flugvallarþjónusta	1
Isavia Flugturn	0
Slökkvilið	4
Sjúkraflutningar	1
Heilbrigðisþjónusta	1
Svæðisstjórn björgunarsveita	1
Björgunarsveit	7
Rauði krossinn	5
Landhelgisgæslan	0
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0
Flugrekstrar- og / eða þjónustua...	0
Other	1



3.3.2 Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinnar?

- Gekk vel að venju það sem ég sá
- mér fundust bæði fundir og æfingar ganga mjög vel fyrir æfinguna
- Undirbúningur gekk mjög vel.
- Fræðslan í aðdraganda æfingarinnar var vel skipulögð og fróðleg.
- Að mínu mati gekk allt vel.
- Of mikill tími eyddur í eitthvað sem var ekki nýtt
- Allt í lagi. En erfiðar tímasetningar varðandi vinnu o.s.frv.
- Flest allt var mjög hjálplegt
- Fræðslan og skyndihjálpanámskeiðið
- Góð skrifborðsæfing með fulltrúum frá ríkislögreglustjóra almannavörnum
- Allt gekk vel. Góðir fundir og áhugaverð fræðsla.
- Allt mjög áhugavert og gott til upprifjunar fyrir æfinguna.
- Allt saman var fínt
- Allt
- Mjög vel
- ég man ekki hvað ég ættlaði að seigja hér
- Skrifborðsæfingin gekk vel og mikilvægt að fá að upplifa æfinguna sjónrænt
- Gekk flest vel,
- Mjög vel
- Bara vel maður getur alltaf æft sig betur
- Tók ekki þátt í undirbúningi. mætti á æfinguna
- Það gekk allt vel í undirbúningi æfingarinnar. Farið ítarlega í allt efni og var maður vel stefndur í æfinguna.

3.3.3 Hvað gekk vel í undirbúningi æfingarinna?

- Má reyna að ná til fleiri.
- Ekkert
- Fræðsla um Tetra, hvernig stöðvarnar virka
- Skilvirkari fræðsla
- Fundir sem væru kannski styttri en beinskeyttari
- Hefði mátt vera minna og hnitmiðaðar
- Stilla Rauða kross teymið betur saman hver gerir hvað
- Lítil fræðsla í aðdraganda
- Fræðslufundirnir voru fulllangir og of mikið að "óþarfa" uppl. sem nýttust ekki á æfingunni. Til samanburðar við undirbúning 2018 vantaði að skipta fólki upp í minni hópa og fara yfir ýmis atriði. T.d. bráðaflokkunarspjöldin, hvað væri ætlast til að okkur, margir nýjir að taka sín fyrstu skref í þessu.
- Bráðaflokkun mætti vera betri verkleg kennsla
- Fannst þetta allt mjög vel gert
- Það eina sem hefði mátt fara betur í undirbúningi var að best hefði verið að taka fjarskiptaprufu á flugvelli og komast að því að þau væru öll í ruglinu.

3.3.4 Hvað gekk vel á æfingunni?

- Fjarskiptaleiðir voru opnar og samskipti góð milli AST vs bæði VST og SST. Logg kom upp jafnóðum frá festum aðilum. Tel að starf björgunaraðila á vettvangi hafi gengið vel og fumlaut fyrir sig
- Margt gekk ótrúlega vel. Viðbragðsaðilar voru tilbúnir.
- Öll unnu hratt og vel og gerðu sitt besta.
- Samm vinnan
- Veit ekki fékk mjög lítið hlutverk
- Gekk vel eftir að allir voru komnir í hlutverkin sín.
- Sérstaklega ánægður með samstarf sjúkraflutningamanna og björgunarsveitamanna
- Vissum hvar við áttum að vera
- Samskipti innan AST
- Fannst æfingin ganga vel. Verkefnin sem við fengum voru góð og krefjandi.
- Æfingin gekk mjög vel.
- Góð samskipti á slyssað
- Mér fannst hún hafa gengið vel að mestu leiti vel fyrir utan sambandsleysi
- Yfir heildina gekk þetta vel
- Flæði slasaðra var gott. Jafnt og þétt. Fengum góðan tíma til að sinna slösuðum.
- Margir komu og buðu fram aðstoð við fjarskipti (þar sem þau voru engin í flugstöðinni)
- Mjög gott að hafa þyrlulækninn á tímapunkti. Hann veitti mikið öryggi og náði góðu taki á aðstæðum.
- Flest allt gekk þokkalega
- Bara allt gekk vel að mestu
- Flæðið gekk mjög vel á björgum inn og út af svæðinu og var flæðið milli SLY og SSS gott.

3.3.5 Hvað hefði betur mátt fara á æfingunni?

- Athuga verður TETRA samband á Bíldudalsflugvelli og einnig verður ISAVIA að koma upp opnu wifi sambandi á flugvelli.

- tæknileg vandamál með tetra samband, þ.e. stundum voru truflanir og þurfti að endurtaka sig. Það hefði verið gott að hafa streymi, sem ekki var hægt þessari æfingu. Samband við vefmyndavélar Isavia á staðnum hefði verið mjög gott að hafa. Þarf aðeins að lagfæra skipulag á töflum í AST.
- Tetra samskiptin, tjaldið var auka flækjustig, einstaklingar sem fengu úthlutað verkefnið og sinn póst þurftu að passa að vera á sínum pósti og aðrir þurftu að virða það.
- Stjórnunin inni á SSS hefði mátt vera ákveðnari. Mikið mæddi á aðhlyningarstjóra og þurfum við að leita eftir svörum að fyrra bragði með allt. Það gleymdist að tryggja yfirsýn aðila með heilbrigðismenntun á öllum litasvæðum. Einnig hefðum við viljað „klára“ æfinguna og senda alla slasaða í burtu, ásamt því að óljóst virtist vera hjá sumum viðbragðsaðilum hvort ætti að fara í gegnum tjaldið á leiðinni út til að skrá sjúklingana út af SSS. Svo auðvitað Tetra samskiptin, eins og fór ekki framhjá neinum.
- Fjarskipti, bæði tetra og farsímar.
- Skipulag, raunveruleika í röðun þeirra sem mæta á slyssað
- Hefði mátt vera betra skipulag hvenær hver eining má fara inná slyssaðinn.
- Erfitt að ná sambandi við björgunarstjóra á slyssað
- Betri samskipti
- Samskipti við SST
- Bráðaflokkun, stjórnun bjarga inn á slyssað. Fjarskiptasambandið var mjög lélegt.
- Bráðaflokkun þar sem tölur varðandi sjúklinga voru aðeins á reiki en það hafðist að lokum að ná heildartölunni rétt.
- Það þarf virkilega að skoða fjarskiptasamband þarna á flugvellinum, bæði Tetra og GSM.
- Fjarskipti
- Fjarskipti og samskipti á SSS
- Tetra samband
- Það mætti gera betur í fjarskiptum
- Fjarskiptin voru til skammar. Við náðum ENGU sambandi við aðra inn á flugstöðinni. Gátum heyrt í hinum en ekkert talað. Aðhlyningarstjóri náði sambandi við aðgerðarstjórn með gsm símanum sínum. Öll samskipti okkar urðu að fara fram í gegnum farsímann til aðgerðarstjórnar og að elta aðra til að koma upplýsingum á vettvang. Það var óþægilegt að hafa Ísafjörð í símanum alla æfinguna, með endurteknar spurningar um atriði sem ekki voru ætlaðar okkur að vita heldur annara stjóra, eins og t.d. talningu slasaðra sem tilheyrr gæslustjóra. Það var svona gott-vont að hafa þyrluna. Það kom upp stór misskilningur með hana, 4 slasaðir sendir með þyrlunni á LSH. Stjórnstöð segir þyrluna farna, svo stuttu seinna er þessi sama þyrla komin í leit að öðrum slösuðum í hlíðinni fyrir ofan flugvöllinn. Stór misskilningur milli stjórnstöðvar og vettvangs.
- Fjarskipti og bráðaflokkun einnig talningin inn á sss skilaði sér ekki til björgunarstjóra fjöldi slasaðra af vettvangi
- Tetra samband
- Fjarskiptin voru alveg hræðileg og sýndi þessi æfing það á svörtu og hvítu að Heilbrigðisstarfsfólk þarf að taka meira þátt í æfingum með öðrum viðbragðsaðilum þar sem þau voru ekki alveg með verkskipulagið á hreinu og hvernig skal bregðast við ef eitthvað færi ekki alveg eins og skipulagið segir. Bráðaflokkun tók allt of langan tíma og voru samskipti í gegnum fjarskipti ekki góð við björgunarstjóra. Vantaði að fá frá aðhlyningarstjóra hvernig hann hugðist ætla að flytja þá slösuðu í burtu. VHF stöð gleymdist til að geta átt í samskiptum við þyrlu.

3.3.6 Annað sem þú villt koma á framfæri?

- Þakka almannavörnum RLS og Isavia fyrir að setja upp flotta æfingu
- Hlakka til næst.
- Takk fyrir mig!
- Slökkvibílinn á flugvöllinum er barn síns tíma.
- Sem þáttakandi frá Bíldudal er ég ósáttur yfir hversu lítið ég fékk að taka þátt, vorum hleypt seint inná slysstað og mest megnið af verkefnum búin. Sem manneskja sem verður líklegast með fyrstu sem mætir sama hvort það verði með slökkviliði eða björgunarsveit. Mér fannst glatað að hafa gefið viku af mínu lífi til þess að sitja í bíl fyrir utan mest megnið af æfingunni, keyra sjúkrabíl í 3 mín og eyða restinni að labba um svæðið í leit að týndri manneskju sem var ekki týnd heldur talningar klúður. Eina sem setur eftir er pirringur yfir tímasóun og eftirsjá eftir þátttöku.
- Hrós til æfingastjórnar og ráðgjafa.
- Hrós til allra þátttakenda, æfingastjórnar og ráðgjafa.
- Vantar ítarlegri upplýsingar fyrir nýliða áður en æfingar/fundir hefjast. Eins og t.d. hvað þarf heilbrigðisstofnunin að taka með sér og æfingu v.s. alvöru slys.
- Hvet ykkur til að gera kynningarmyndband til að kynna æfinguna. Hvað er ætlast til af hverjum hóp fyrir sig.
- Myndi vilja að það væru hópslysæfingar á milli flugslysæfinga, með þeim hætti væru viðbragsaðilar betur æfðir fyrir slík slys
- Ég lærði helling, fannst þetta mjög þörf og góð æfing.
- Ég geri mér mun betur grein fyrir því hvað er ætlast til af mér og hlutverkum annarra. "
- Þetta var að mínu mati vel heppnuð æfing og var öll æfingarnefndin/stjórnin og ráðgjafar með allt á hreinu og topp fólk í þessu hlutverki. Var ávallt reiðubúið að aðstoða mann ef maður lenti á vegg og vantaði upplýsingar.

3.3.6.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 8,75

